



Sveitastjóri Djúpavogshrepps, Gauti Jóhannesson
Bæjarstjóri Fjarðarbyggðar, Karl Óttar Pétursson
Sveitastjóri Fljótshrepps, Gunnþórunn Ingólfssdóttir
Bæjarstjóri Fljótshéraðs, Björn Ingimarsson
Bæjarstjóri Seyðisfjarðarkaupstaðar, Aðalheiður Borgþórsdóttir
Sveitastjóri Borgarfjarðarhrepps, Jón Þórðarsson
Starfandi sveitastjóri Vopnafjarðarhrepps, Sarar Elísabet Svansdóttir

sent á: sveitarstjori@djupivogur.is; karl.petursson@fjardabyggd.is; fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is; bjorni@egilsstadir.is; borg@eldhorn.is; adalheidur@sfk.is; saras@vopnafjardarhreppur.is

Reykjavík, 12. júní 2020

Efni: Ályktun aðalfundar Landverndar 2020 um vernd hálendis Austurlands

Ágætu sveita- og bæjarstjórar á Austurlandi

Gætuð þið komið þessu bréfi á framfæri við ykkar sveitastjórnir?

Á aðalfundi Landverndar 2020, sem haldinn var 6. júní sl., var eftirfarandi ályktun samþykkt og meðfylgjandi greinagerð.

Aðalfundur Landverndar kallar eftir því að stjórnvöld komi í veg fyrir að hálendi Austurlands verði raskað frekar en orðið er með virkjunum og tengdum framkvæmdum.

Þetta á m.a. við um Hraunasvæðið þar sem Orkustofnun hefur úthlutað rannsóknaleyfum til virkjanaundirbúnings í landshluta þar sem Óbyggðanefnd hefur enn ekki ráðist í lögboðna greiningu á mörkum milli þjóðlendna og eignarlanda

Greinagerð

Í aðdraganda Kárahnjúkavirkjunar og aðliggjandi Hraunaveitna austan Snæfells voru gefin fyrirheit um að ekki ætti að virkja meira fyrir austan. Nú er hins vegar hafið nýtt virkjanaáhlaup undir formerkjum „smávirkjana“ allt að 9,9 megavöttum að afli. Margar slíkra virkjana eru stækkanlegar og hefðu því átt að vera teknar til umfjöllunar innan rammaáætlunar. Í þessu sambandi virðist sem Orkustofnun hafi vanrækt eftirlitshlutverk sitt.

Nafngiftin Hraun nær yfir víðlent hálendissvæði frá Eyjabökkum við Snæfell austur yfir vatnaskil, um innanverðan Geitdal og Háups að fjallveginum yfir Öxi og niður í drög suðurjarða (Álftafjarðar, Hamarsfjarðar, Fossárdals og Berufjarðar). Hraunum tengist til norðurs Hornbrynja

(961 m) og norðan Hornbrynjuhlakka er langur Hraungarður (1002 m) milli Gilsárdals og Geitdals. Með Hraunaveitu var eftir síðustu aldamót veitt vatni af vestasta hluta Hrauna (Sauðár, Keldá) til Kárahnjúkavirkjunar. Þá var vatnsyfirborð Ódáðavatna hækkað með stíflu um 2 m á sínum tíma og miðlað til Grímsárvirkjunar. Eftir stendur samt afar víðlent afréttasvæði, jarðfræðilega sérstætt og ósnortið nema af beit og nokkrum vegslóðum. Það rís hæst í Þrándarjökli (1248 m) og Hofsjökli eystra (1180 m) og tengist Lónsöræfum á vatnaskilum. „Yfir Hraun“, fyrrum nefnd Sviðinhornahraun, lá alfaraleið úr Fljótsdal til Berufjarðar og Hamarsfjarðar, nú heillandi gönguleið. Vestan vatnaskila á Hraunum er afréttin Villingadalur fram með óskertri og fossum prýddri Sultarranaá og Fellsá og í hana fellur Strútsá með tvíþrepa Strútsfossi sem gefur Hengifossi ekki eftir um glæsileik. Óraskaðar eru umræddar afréttir á Hraunum kjörinn efniviður í sérstakt náttúruverndarsvæði, en gætu í framtíðinni tengst miðhálandisþjóðgarði.

Það vekur furðu að stjórnvöld hafi gefið kost á samningaviðræðum um orkunýtingu og víðtækt vatnsréttindi á svæðum innan hálandis Austurlands þar sem enn hefur ekki verið gengið frá mörkum þjóðlendu og eignarlanda. Verulegur hluti þeirra svæða sem nú liggja undir á Hraunum sbr. áform um Geitdalsvirkjun og Hamarsárvirkjun eru á lendum ríkisins og í almannaeigu. Varhugavert er, nema brýnir samfélagslegir hagsmunir kalli á, að ráðstafa nýtnu lands og vatna til einkaaðila, ekki síst áður en úrskurður um þjóðlendumörk liggur fyrir. Ekki verður séð að neinir slíkir hagsmunir séu í húfi eystra eða á landsmælikvarða. Næg raforka er í landinu til að mæta eðlilegri eftirspurn og fyrirséð að svo verður áfram.

Sveitafélögin gegna gríðarmikilvægu hlutverki við vernd íslenskrar náttúru. Þau hafa skipulagsvald sem leggur línurnar um landnotkun. Þau gefa út framkvæmdaleyfi vegna stórra framkvæmda og geta þannig ráðið úrslitum um hvort og hvernig er framkvæmt og hver áhrifin verða á náttúru og umhverfi. Þau eru jafnvel einnig landeigendur.

Með þessari ályktun vekur Landvernd athygli ykkar á þessu einstaka landssvæði sem eftir er nokkuð óraskað á Austurlandi. Þið gegnið lykilhlutverki í að standa vörð um það, sem handhafar skipulagsvals, sem landeigendur í sumum tilfellum og sem leyfisveitendur.

Ef frekari upplýsinga er óskað, vinsamlegast hafið samband.

Með vinsemd og virðingu,

Tryggvi Felixson formaður Landverndar (sign)

Afrit:

Náttúruverndarsamtök Austurlands (Naust)